

Brot úr hugmyndafræði

Klúbburinn Geysir starfar eftir hugmyndafræði Fountain House sem byggir á að efla hæfileika og styrk einstaklingsins.

Með því að gefa hverjum og einum tækifæri til að nýta sínar sterku hliðar þjálfast viðkomandi til fjölbreyttrar þátttöku í samfélaginu.

Í störfum innan Klúbbsins Geysis er lögð áhersla á stuðning og virðingu fyrir félögum.

Í starfi Klúbbsins Geysis eru engar kvaðir lagðar á félaga umfram það sem hver og einn er tilbúinn að gangast undir. Lögð er áhersla á jákvæða athygli og horft á styrkleika, í stað þess að einblína á sjúkdóminn.

Ummæli félaga

Í Geysi hef ég komið mér upp reglulegu lífsmynstri

Ég kem til að byggja mig upp, vera virkur og vera einhvers virði

Að eiga samskipti við fólk

Fastir viðburðir í Klúbbum Geysi

Mánudagar: Morgunfundur kl. 09.00, heilsuhópur kl. 14.30, ganga kl. 15:00

Þriðjudagar: Morgunfundur kl. 09.00, starfsleitarhópur kl. 10.00, framkvæmdaáætlun kl. 15.00

Miðvikudagar: Morgunfundur kl. 09.00, framkvæmdaáætlun kl. 09.30, húsfundur kl. 14.30

Fimmtudagar: Morgunfundur kl. 09.00, tölvuver kl. 11.00, starfsleitarhópur kl. 14.00

Föstudagar: Morgunfundur kl. 09.00

Alla daga: Deildarfundir kl. 09.30 og 13.15

Klúbburinn Geysir býður þig hjartanlega velkominn.

Sem nýr félagi verður þín vænst og klúbburinn gleðst yfir þátttöku þinni.

Félagsleg einangrun þarf ekki lengur að valda þér vanlíðan, því að í klúbbum átt þú félaga sem láta sér annst um velferð þína.

Allir hafa eitthvað að gefa og hver félagi er mikilvægur í starfsemi okkar

Taktu fyrsta skrefið og hugsaðu um velferð þína.

Tilvera þín og líðan getur breyst til betri vegar.


Þú hefur engu að tapa, en allt að vinna.

Opnunartímar í Geysi

Mánudaga til fimmtudaga: 08.30 til 16.00

Föstudaga: 08.30 til 15.00

Laugardaga: 11.00 til 15.00



Skipholt 29, 105 REYKJAVÍK
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Klúbburinn Geysir

Með þér út í lífið



Klúbburinn Geysir

Skipholt 29

Hvernig starfar Klúbburinn Geysir?

Félagar vinna í deildum: Skrifstofu-, atvinnu- og menntadeild og eldhús- og viðhaldsdeild, samkvæmt skipulögðum vinnudegi. Félagar og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum og ákveða í sameiningu hvaða störf þarf að inna af hendi. Félagar ákveða í hvaða deildum þeir vinna og á hvaða tímum. Öll vinna félaga í klúbbnum er unnin í sjálfböðavinnu. Öll starfsemi er eingöngu í þágu klúbbsins til að stækka og efla hann.



Kynningar og inntaka nýrra félaga

Reynt er að haga kynningum eftir þörfum hvers og eins. Óskum um kynningar er svarað í síma 551-5166 og fundinn tími sem hentar. Þá er skráð niður nafn og sími viðkomandi. Kynningarnar eru alltaf í höndum starfsmanns og félaga. Í kynningu er farið um húsið, deildirnar skoðaðar, farið yfir starfsemi þeirra og uppbyggingu vinnumiðaðs dags. Að lokinni ferð um húsið er sest niður með viðkomandi, farið yfir hugmyndafræði Fountain House og spurningum svarað. Allir sem eiga eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða geta orðið félagar í Klúbbnum Geysi. Viðkomandi færast þá inn í félagatal, með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.



Deildaskipting í Klúbbnum Geysi

Skrifstofu-, atvinnu- og menntadeild

Á skrifstofunni eru tölvur til afnota fyrir félaga, þar sem þeir geta unnið að margvíslegum verkefnum er tengjast starfsemi og markmiðum klúbbsins.

Atvinnu- og menntadeild, ATOM, styður félaga við að ná markmiðum sínum varðandi atvinnu og menntun með því að nýta þau tækifæri sem eru í boði úti í samfélaginu. Deildin er eining innan skrifstofudeildar.



Eldhús- og viðhaldsdeild

Í eldhúsinu er framreiddur morgunmatur og hádegismatur. Að auki er bakað fyrir veislur og aðrar uppákomur sem haldnar eru í klúbbnum. Í kaffiteríunni eru seldir matarmiðar, gos, ávextir og annað góðgæti.

Viðhaldsdeildin er með verkstæði á fyrstu hæð. Þar eru geymd verkfæri og áhöld til viðgerða og viðhalds auk þess sem hægt er að vinna að ýmsum smærri viðgerðum og lagfæringum.



Móttaka

Móttakan er mikilvægur hlekkur í starfsemi. Þar er svarað í síma, og tekið á móti félögum og gestum.



Ráðning til reynslu RTR

Í Geysi er atvinnu og menntadeild, **ATOM**, sem starfar jafnhliða skrifstofudeildinni, þar sem félagar og starfsmenn vinna að því að ná tengslum við vinnuveitendur. Ráðning til reynslu er tilboð um atvinnuþátttöku fyrir félaga á frjálsum markaði. RTR störf eru hlutastörf í 9 til 12 mánuði. Starfsmaður klúbbsins kynnis sér starfið og þjálfar viðkomandi félaga, vinnuveitanda að kostnaðarlausu. Að þjálfun lokinni fer félaginn á launaskrá hjá vinnuveitandanum. Ef félaginn veikist eða getur ekki sinnt starfinu er klúbburinn ábyrgur og sér til þess að annar sinni starfinu, annað hvort félagi eða starfsmaður. Vinnuveitandanum er þannig tryggt 100% vinnuframlag. Starfsmaður klúbbsins veitir bæði félaganum og vinnuveitandanum stuðning á meðan á ráðningu stendur og fylgist með gangi mála. Jákvalt er ef félagi sækir klúbbinn samhliða RTR.

Útivist og félagsstarf

Félagsleg dagskrá alla fimmtudaga:

Síðasta fimmtudag í mánuði er klúbburinn opinn til klukkan 20.00. Þá er eldaður sameiginlegur kvöldverður og hann borðaður um kl. 18:00. Ymislegt er gert til skemmtunar. Svo sem spilað eða einhver er fenginn til að halda fræðandi fyrirlestur.

Önnur félagsleg dagskrá:

Farið er í gönguferðir, bíó, leikhús, keilu, kaffihús og margt annað okkur til gleði og yndisauka.

Vorferð:

Árlega er farin sumarferð í lok maí eða byrjun júní og hefur meðal annars verið farið til Sauðárkróks, Grenivíkur, Vestmannaeyja, London, Benidorm og í Suður-sveit.

